

DV



SJÓNVARPIÐ

- 17.50 Sumarglugginn. Endursýndur þáttur frá sl. sunnudegi.
- 18.45 Táknafréttir.
- 18.55 Poppkorn. Umsjón Stefán Hilmarsson.
- 19.20 Svarta naðran. (Blackadder). Sjöundi þáttur. Breskur gamanmyndaflokkur. Þýðandi Gunnar Þorsteinsson.
- 19.50 Tommi og Jenni.
- 20.00 Fréttir og veður.
- 20.30 Grænir fingur (10). Þáttur um garðrækt í umsjón Hafsteins Hafliðasonar. Í þessum þætti er fjallað um lífræna ræktun.
- 20.50 Eyjar eldgyðjunnar. (Islands of the Fire Goddess). Bresk heimildamynd um Hawaii eyjaklaðann. Þýðandi og þulur Jón O. Edwald.
- 21.40 Málaliðinn. (La Bandera). Frönsk bíómynd frá árinu 1939, gerð eftir skáldsögu eftir Pierre Mac Orlan. Leikstjóri Julien Duvivier. Aðalhlutverk Jean Gabin, Robert Le Vigan, Annabella og Aimos. Maður, sem framið hefur morð, gengur til liðs við útendingadeild Spánarhers og liggur leiðin til Norður-Afríku. Þar kynnist hann ástinni en í Frakklandi hefur fé verið lagt til höfuðs honum. Þýðandi Ólöf Pétursdóttir.
- 23.00 Ellefurféttir.
- 23.10 Málaliðinn, framh.
- 23.40 Dagskrárlokk.



- 16.45 Santa Barbara.
- 17.30 Þráhyggja. Compulsion. Tveir unglingsdrengir úr yfirstétt eiga það sameiginlegt að hafa greindarvitölu langt fyrir ofan meðalag. Þeir gera sér vel grein fyrir yfirburðahæfileikum sínum og aftrúa að ræna og drepa ungann dreng í þeim tilgangi að drýgja hinn fullkomna glæp. Aðalhlutverk: Orson Welles, Diane Varsi, Dean Stockwell og Bradford Dillman.
- 19.19 19:19. Fréttir og fréttaumfjöllun, íþróttir og veður ásamt fréttatengdum innskotum.
- 20.00 Sögur úr Andabæ. Teiknimynd fyrir alla fjölskylduna með Andrési önd og félagum.
- 20.30 Falcon Crest. Bandarískur framhaldsmyndaflokkur.
- 21.25 Bjargvæturinn. Equalizer. Vinsæll spennumyndaflokkur. Aðalhlutverk: Edward Woodward.
- 22.15 Sigild hönnun. Design Classics. Coca Cola flaskan.
- 22.45 Sögur að handan. Tales from the Darkside. Magnþrúgun spenna.
- 23.05 Maðurinn frá Fanná. The Man from Snowy River. Einstaklega fálleg og vel gerð mynd sem fjallar um ungan dreng og vel taminn hest hans. Saman tekst þeim að ná villtum stóðhesti sem lokkað hefur hryssur bænda til sín í skjóli nætur. Aðalhlutverk: Kirk Douglas, Sigrid Thornton og Terence Donovan.
- 00.50 Dagskrárlokk.



- 6.45 Veðurfreginir. Bæn, séra Ólafur Jens Sigurðsson flytur.
- 7.00 Fréttir.
- 7.03 Í morgunsárið með Ingvaldi Ólafsdóttur.
- 9.00 Fréttir.
- 9.03 Litli barnatíminn: Músinn í Sunnuhlöð og vinir hennar eftir Margréti Jónsdóttur. Sigurður Skúlason les (3.) (Áður útvarpað um kvöldið kl. 20.00.)
- 9.20 Morgunleikfimi með Halldóru Björnsdóttur.
- 9.30 Landpósturinn - Frá Norðurlandi. Umsjón: Kristján Guðmundur Arngrímsson og Þröstur Emisson.
- 10.00 Fréttir. Tilkynningar.
- 10.10 Veðurfreginir.
- 10.30 Þræðir - Úr heimi bókmennanna. Umsjón: Símon Jón Jóhannsson. Lesari: Víðar Eggertsson.
- 11.00 Fréttir.
- 11.03 Samhljómur. Frá útskriftartónleikum Tónlistarskólans í Reykjavík: Verk eftir Eirik Arna Sigtryggsson. Umsjón: Daniel Þorsteinsson. (Einnig útvarpað að loknum fréttum á miðnætti.)
- 12.00 Fréttayfirlit. Tilkynningar.
- 12.20 Hádegisfréttir.
- 12.45 Veðurfreginir. Tilkynningar. Tónlist.

- 13.05 Í dagsins önn - Sumarbústaðarferð. Umsjón: Ásdís Loftsdóttir. (Frá Akureyri)
- 13.35 Miðdegissagan - Að drepa hermikráku eftir Harper Lee. Sigurlína Davíðsdóttir les þýðingu sína (9.)
- 14.00 Fréttir. Tilkynningar.
- 14.05 Harmóníkupáttur. Umsjón: Högni Jónsson. (Endurtekinn þáttur frá sunnudagskvöldi.)
- 14.45 Íslenskir einsöngvarar og kórar. Kammerkórinn syngur íslensk og erlend lög og Þórunn Ólafsdóttir syngur lög eftir Sigvalda Kaldalóns.
- 15.00 Fréttir.
- 15.03 Frá Surtsey til Suðurskautlandsins. Ari Trausti Guðmundsson ræðir við Sturlu Friðriksson erlifafræðing.
- 16.00 Fréttir.
- 16.03 Dagbókin. Dagskrá.
- 16.15 Veðurfreginir.
- 16.20 Barnaútlit. Umsjón: Kristín Helgadóttir.
- 17.00 Fréttir.
- 17.03 Tónlist á síðdegi eftir Franz Schubert. 18.00 Fréttir.
- 18.03 Að utan. Fréttapáttur um erlend málefni. (Einnig útvarpað að loknum fréttum kl. 22.07.)
- 18.10 Á veltvangi. Umsjón: Páll Heiðar Jónsson og Bjarni Sigtryggsson. (Einnig útvarpað í næsturútliti kl. 3.00) Tónlist. Tilkynningar.
- 18.45 Veðurfreginir. Tilkynningar.
- 19.00 Kvöldfréttir.
- 19.30 Tilkynningar.
- 19.32 Kvíksjá. Umsjón: Frey Þorðósson og Ragnheiður Gyða Jónsdóttir.
- 20.00 Litli barnatíminn: Músinn í Sunnuhlöð og vinir hennar eftir Margréti Jónsdóttur. Sigurður Skúlason les (3.) (Áður útvarpað 1984.) (Endurtekinn frá morgni.)
- 20.15 Samtímatónlist. Sigurður Einarsson kynnir.
- 21.00 Úr byggðum vestra. Finnabogi Hermannsson staldrar við í byggðum vestra. (Frá Ísafirði)
- 21.40 Fermingarstórin í ljósi uppbyggingar safnaðarins. Sr. Jón Ragnarsson á Bolungarvík flytur sýnduserindi.
- 22.00 Fréttir.
- 22.07 Að utan. Fréttapáttur um erlend málefni.
- 22.15 Veðurfreginir. Orð kvöldsins. Dagskrá morgundagsins.
- 22.30 Ísland og samfélag þjóðanna. Þriðji þáttur. Umsjón: Einar Kristjánsson. (Einnig útvarpað á föstudag kl. 15.03)
- 23.10 Djassþáttur. - Jón Múli Arnason. (Einnig útvarpað í næsturútliti að föstudags kl. 2.05.)
- 24.00 Fréttir.
- 00.10 Samhljómur. Frá útskriftartónleikum Tónlistarskólans í Reykjavík: Verk eftir Eirik Arna Sigtryggsson. Umsjón: Daniel Þorsteinsson. (Endurtekinn frá morgni.)
- 01.00 Veðurfreginir.
- 01.10 Næsturútlit á báðum rásum til morguns.



- 7.03 Morgunútlit. Leifur Hauksón og Jón Ársæll Þórðarson hefja daginn með hlustendum. Fréttir kl. 8.00, veðurfreginir kl. 8.15 og leiðarar dagblaðanna kl. 8.30.
- 9.03 Morgunyrpa. Áslaug Dóra Eyjólfsson. Rugl dagsins kl. 9.25. Neytendahorn kl. 10.05. Afmæliskevjuj. kl. 10.30. Sérþarfing með Jóhannu Harðardóttur kl. 11.03. Gluggað í heimsblöðin kl. 11.55.
- 12.00 Fréttayfirlit. Auglýsingar.
- 12.20 Hádegisfréttir.
- 12.45 Umhverfis landið á áttatiu með Gestu Einari Jónassyni sem leikur þrautreynda gulladartónlist.
- 14.03 Milli mála. Arni Magnússon á útkíki og leikur nýju lögin. Rugl dagsins kl. 15.30 og veiðihornið rétt fyrir fjögur.
- 16.03 Dagskrá. Dægurmálaútlit. Stefán Jón Hafstein, Guðrún Gunnarsdóttir, Sigurður Þór Salvarsson og Sigurður G. Tómasson. - Kaffisjall og innlit upp úr kl. 16.00. - Stórmál dagsins á sjötta tímanum.
- 18.03 Þjóðarsálin, þjóðfundur í beinni útsendingu.
- 19.00 Kvöldfréttir.
- 19.32 Áfram Ísland. Dægurlög með íslenskum flytjendum.
- 20.30 Útlit ungra fólksins. Við hljóðnemann eru Verhárður Linnét og Atli Rafn Sigurðsson.
- 22.07 Á rólinu með Önnu Björk Birgisdóttur.
- 01.00 Næsturútlit á báðum rásum til morguns. Fréttir kl. 7.00, 7.30, 8.00, 8.30, 9.00, 10.00, 11.00, 12.00, 12.20, 14.00, 15.00, 16.00, 17.00, 18.00, 19.00, 22.00 og 24.00.

NÆTURÚTLIT

- 01.00 Blítt og létt.... Gyða Dröfn Tryggvadóttir.
- 02.00 Fréttir.
- 02.05 Söngleikur í New York - Anything Goes. Arni Blandon kynnir söngleikinn Anything Goes eftir Cole Porter.
- 03.00 Á veltvangi. Umsjón: Páll Heiðar Jónsson og Bjarni Sigtryggsson.
- 03.20 Rómantíski róbotinn.
- 04.00 Fréttir.
- 04.05 Glefsur. Úr dægurmálaútliti miðvikudagsins.
- 04.30 Veðurfreginir.
- 04.35 Næsturútlit.
- 05.00 Fréttir af veðri og flugsamgöngum.
- 05.01 Áfram Ísland. Dægurlög með íslenskum flytjendum.
- 06.00 Fréttir af veðri og flugsamgöngum.
- 06.01 Blítt og létt.... Endurtekinn sjómannapáttur Gyða Dröfn Tryggvadóttur á nýrri vakt. Svæðisútlit Norðurlands kl. 8.10-8.30 og 18.03-19.00.



- 7.00 Þorgeir Ástvaldsson og Páll Þorsteinsson með morgunþátt fullan af fróðleik, fréttum og ýmsum gagnlegum upplýsingum fyrir hlustendur, í bland við góða morguntónlist. Kl. 8.30 er fluttur stuttur veiðipáttur Þrastar Elliðasonar, með viðtölum og fréttum af veiði.
- 10.00 Valdis Gunnarsdóttir. Valdis er með hlutina á hreinu og leikur góða blöndu af þægilegri og skemmtilegri tónlist eins og henni einni er lagið.
- 14.00 Bjarni Ólafur Guðmundsson. Óskalogin, kveðjurnar, nýjustu lögin, gömlu góðu lögin, allt á sínum stað. Bjarni Ólafur stendur alltaf fyrir sínu.
- 18.10 Reykjavík síðdegis. Hvað finnst þér? Hvað er efst á baugi? Þú getur tekið þátt í umræðunni og lagt þitt til málanna í síma 61 11 11.
- 19.00 Freymóður T. Sigurðsson. Meiri tónlist - minna mas.
- 20.00 Haraldur Gíslason. Ný og góð tónlist, kveðjur og óskalog.
- 24.00 Næturdagskrá. Fréttir á Bylgjunni kl. 8.00, 10.00, 12.00, 14.00, 16.00 og 18.00. Fréttayfirlit kl. 9.00, 11.00, 13.00, 15.00 og 17.00.



- 7.00 Þorgeir Ástvaldsson og Páll Þorsteinsson með morgunþátt fullan af fróðleik, fréttum og ýmsum gagnlegum upplýsingum fyrir hlustendur, í bland við góða morguntónlist. Kl. 8.30 er fluttur stuttur veiðipáttur Þrastar Elliðasonar, með viðtölum og fréttum af veiði.
- 10.00 Jón Axel Ólafsson. Leikir, tónlist og ýmislegt létt sprell með hlustendum.
- 14.00 Gunnlaugur Helgason. Leikur hressa og skemmtilega tónlist við vinnuna.
- 18.10 Íslenskir tónar. Þessi geysivinsæli dagskrárlíður hefur verið endurvakinn vegna fjölda áskorana.
- 19.00 Freymóður T. Sigurðsson. Meiri tónlist - minna mas.
- 20.00 Haraldur Gíslason. Ný og góð tónlist, kveðjur og óskalog.
- 24.00 Næsturjörnir. Fréttir á Stjörnunni kl. 8.00, 10.00, 12.00, 14.00, 16.00 og 18.00. Fréttayfirlit kl. 9.00, 11.00, 13.00, 15.00 og 17.00.



- 9.00 Rótartónar.
- 11.00 Þórgöngu. Tónlistarþáttur. E.
- 12.00 Tónlist.
- 14.30 Á mannlegu nótnum. Flokkur mannsins. E.
- 15.30 Samtök græningja. E.
- 16.00 Fréttir frá Sovétríkjunum. María Þorsteinsdóttir.
- 16.30 Umrót. Tónlist, fréttir og upplýsingar um félagslíf.
- 17.00 Upp og ofan.
- 18.00 Elds er þörf. Umsjón: Vinstrisófalistar. Um allt milli himins og jarðar og það sem efst er á baugi hverju sinni.
- 19.00 Hlustið. Tónlistarþáttur í umsjá Kristins Pálssonar.
- 20.00 Fés. Unglingapáttur. Umsjón: Hulda og Magne.
- 21.00 Í eldri kantinum. Tónlistarþáttur í umsjá Jóhannu og Jóns Samúels.
- 22.00 Við og umhverfið. Þáttur í umsjá dagskrárhóps um umhverfismál á Útliti Rót.

- 22.30 Magnamín. Tónlistarþáttur með Agústi Magnússyni.
- 23.30 Rótardraugar.
- 24.00 Næturvakt.



- 17.00 Blessandi boðskapur í margvíslegum tónum.
- 20.00 Vinsældavalið Alfa. Stjórnandi: Jóhanna Benný Hannesdóttir. (Endurtekkið næstkomandi laugardag.)
- 22.00 Blessandi boðskapur í margvíslegum tónum.
- 24.00 Dagskrárlokk.



- 7.00 Hörður Arnarson.
- 9.00 Sigurður Gröndal og Richard Scobie.
- 11.00 Steingrímur Ólafsson.
- 13.00 Hörður Arnarson.
- 15.00 Sigurður Gröndal og Richard Scobie.
- 17.00 Steingrímur Ólafsson.
- 19.00 Anna Þorláks/Steinunn Halldórsdóttir.
- 22.00 Sigurður Ragnarsson. 1.00-7 Páll Sævar Guðjónsson.



- 4.30 Viðskiptaþáttur.
- 5.00 The DJ Kat Show. Barnapáttur.
- 7.30 Panel Pot Pourri. Spurningaþáttur.
- 9.00 The Sullivans. Framhaldsþáttur.
- 9.30 Sky by Day. Fréttapáttur.
- 10.30 A Problem Shared. Fræðsluþáttur með ráðleggingum.
- 11.00 Another World. Söpuopera.
- 11.55 General Hospital. Sakamálaþáttur.
- 12.50 As the Worlds Turns. Söpuopéra.
- 13.45 Loving.
- 14.15 The Lucy Show. Gamanþáttur.
- 14.45 The Littles. Teiknimyndasería.
- 15.00 Poppþáttur.
- 16.00 The Young Doctors.
- 16.30 Three's Company. Gamanþáttur.
- 17.00 Sky Star Search. Hæfileikaþekppi.
- 18.00 Sale of the Century. Spurningaleikur.
- 18.30 Hey Dad. Gamanmyndaflokkur.
- 19.00 Mr. Belvedere. Gamanmyndaflokkur.
- 19.30 Trapper John. Gamanmyndaflokkur.
- 20.30 Rush. Framhaldsmyndaflokkur.
- 21.30 Jameson Tonight. Rabbþáttur.
- 22.30 Top End Down Under. Ferðaþáttur.



- 15.00 Five Guns West.
- 17.00 Haunted Honeymoon.
- 19.00 Class.
- 21.00 Desperately Seeking Susan.
- 23.00 Chastity.



- 9.30 Frjálsar íþróttir. Alþjóðleg keppni í Sviss.
- 10.30 Knattspyrna. Heimsmeistarakeppni unglunga undir 16 ára.
- 11.30 Irish Open Golf. Svipmyndir.
- 12.30 Rugby. Bresku ljónin gegn Ástralíu.
- 13.30 Frjálsar íþróttir. Alþjóðleg keppni í Sviss.
- 15.30 Eurosport Menu.
- 17.00 Trans World Sport.
- 18.00 Knattspyrna. Heimsmeistarakeppni unglunga undir 16 ára.
- 19.00 Golf. Frá US Masters keppninni 1988.
- 20.00 Tennis. Keppni kvenna í Eastbourne.
- 21.00 Knattspyrna. Ríðlakeppni heimsmeistarakeppninnar.



- 13.30 Poppþáttur.
- 14.30 Hotline.
- 16.30 Transmission. Popp í Englendi.
- 17.30 Richard Diamond. Sakamála myndaflokkur.
- 18.00 Tulsa. Kvikmynd.
- 19.35 Eurosport Menu. Fréttapáttur.
- 19.45 Fréttir og veður.
- 20.00 Burke's Law. Spennumyndaflokkur.
- 20.55 The Professionals. Spennu myndaflokkur.
- 22.00 Fréttir, veður og popptónlist.

Miðvikudagur 28. júní



Söngleikurinn Anything Goes eftir Cole Porter verður kynntur í næsturútliti.

Næsturútlit kl. 02.05: Söngleikur í New York

Arni Blandon hefur verið iðinn við að kynna landsmönnum söngleikjastarfsemi þeirra vestur í New York. Í næsturútliti samtengdra rása Ríkisútlitsins í kvöld heldur hann áfram. Í þetta skipti ætla hann að leiða okkur í allan sannleika um Anything Goes.

Söngleikur þessi er eftir meistarasmíðinni Cole Porter. Síðastliðinn vetur var uppfærsla Lincoln Center leikhússins í New York á þessu verki valin besta uppfærslan á eldri söngleik þá árið. Hún fékk bæði Tony og Drama Desk verðlaunin.

Anything Goes hefur tvisvar sinnum verið kvikmyndaður og er talinn vera skemmtilegasti söngleikur sem Porter samdi þótt ekki sé hann jafnfrægur og síðara verk hans, Kysstu mig Kata.

Sjónvarpið kl. 21.40: Málaliðinn

Sjónvarpið heldur áfram að sýna okkur franskar kvikmyndir. Í kvöld er það Málaliðinn frá 1938 í leikstjórn Julien Duvivier.

Myndin greinir frá frönskum manni sem fremur morð og í kjölfarið flýr hann heimaland sitt. Til að komast undan hinum langa armi laganna gengur hann í útendingadeild spænska hersins og liggur leið hans til Norður-Afríku þar sem hann kynnist ástinni í líki arabískrar fegurðardísar. Fé hefur verið sett til höfuðs flóttamanninum í Frakklandi og uppljóstrari lögreglunnar er ekki á þeim buxunum að láta hann sleppa, eltir hann því inn í afskekktustu kima eyðimerkurinnar.

Flóttamaðurinn er leikinn af úrvalsleikaranum Jean Gabin en aðrir sem koma fram eru Aischa La Siauou, Robert Le Vigan og Pierre Renoir.

Málaliðinn þykir forvitnileg mynd, ekki það að efniviðurinn sé merkilegur heldur miklu fremur vegna meðferðar leikstjórans.



Eldfjöll á Hawaii eru viðfangsefni breskrar heimildarmyndar í Sjónvarpinu í kvöld.

Sjónvarpið kl. 20.50: Eyjar eldgyðjunnar

Hawaii eyjar eru eitt mesta eldfjallaland heimsins. Saga eldgíganna þar er sögð í þessari bresku heimildarmynd sem gerð var af margverðlaunuðum kvikmyndatökumönnum, Michael deGruy og Paul Atkins. Einkum leggja þeir áherslu á Kilauea sem er sprækasta eldfjall heimsins.

Hawaii eyjar mynduðust úr eldgosum á hafsbotni og þær eru aðeins efsti hluti einhvers hæsta fjallshryggis veraldar sem teygir sig heila níu kílómetra upp af botni Kyrrahafsins. Þar flæðir stöðugt hraun úr gígum í kraumandi hraunpotta.

Kvikmyndagerðarmenn stofnuðu lífi sínu í mikla hættu á meðan á gerð myndarinnar stóð. Þeir lentu í útistöðum við grimma hákarla, flóðbylgjur og neðansjárvarhrausprengrur.